





Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

ÍSLE2BR05

Kennarar	Hulda Egilsdóttir (hulda.egilsdottir@fss.is)	
Viðtalstími	Þriðjudaga kl. 13:10-13:50	
Námsefni	Smásaga.is (vefur með smásögum og verkefnum, https://smasaga.is/) <i>Handbók um ritun og frágang</i> (útg. 2010 eða síðar) eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal <i>Barn náttúrunnar</i> eftir Halldór Laxness	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist upp á lestri smásagna og einnar skáldsögu, verkefnavinnu tengda þeim lestri og leiðbeiningum um frágang texta. Áhersla er lögð á að nemendur efli málfærni sína og lesskilning með því að lesa og skrifa. Í áfanganum verða nemendur þjálfaðir í vinnubrögðum og frágangi skriflegra verkefna. Áhersla verður lögð á að nemendur lesi texta sér til ánægju og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Farið er í helstu hugtök bókmenntafræðinnar og hvernig á að beita þeim við lestur og túlkun texta.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum og lágmarkseinkunn í hverjum námsþætti að vera 4,5. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Kannanir skulu teknar á tilsettum tíma. Sé um veikindi að ræða skal könnunum og verkefnaskilum lokið á stoðdögum um miðja önnina og við lok hennar. Þar sem um símatsáfanga er að ræða er gríðarlega mikilvægt að mæta vel og vera virkur í kennslustundum. Nemendur mega ekki fá fleiri en 10 fjarvistir á önninni. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistanna er (veikindi, leyfi eða annað).	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Smásögur kannanir	20%
	Smásögur verkefni	10%
	Smiðjuvinna	10%
	<i>Handbók um ritun og frágang</i> verkefni	10%
	<i>Handbók um ritun og frágang</i> könnun	10%
	<i>Barn náttúrunnar</i> könnun	15%
	<i>Barn náttúrunnar</i> vinnubók	10%
	<i>Barn náttúrunnar</i> verkefni	15%

Reglur áfanga	Hver kennslustund er vinnutími og því nauðsynlegt að viðeigandi námsgögn áfangans séu ávallt við höndina hverju sinni. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma.
----------------------	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hugtökum bókmenntafræðinnar í umfjöllun um texta • Mikilvægi lesturs og lesskilnings • Uppbyggingu og framsetningu mismunandi texta • Mismunandi tegundum bókmennta 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesa sér til gagns og ánægju • Lesa bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra • Nota bókmenntafræðileg hugtök við greiningu og túlkun texta • Semja mismunandi texta þar sem gagnrýninni og skapandi hugsun er beitt
	
<p>Hæfni</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesa og túlka texta sér til gagns og ánægju • Beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti • Beita gagnrýnni og skapandi hugsun á eigin texta og annarra 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	17 vikur x 4 klst.	68 klst.
Heimavinna	17 vikur x 60 mín	17 klst.
Barn náttúrunnar	20 klst.	20 klst.
Alls		105 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 4. - 14. janúar	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
2. vika 15. - 21. janúar	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
3. vika 22. - 28. janúar	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök Smásögukönnun f.hl.
4. vika 29. janúar - 4. febrúar	Smiðja	
5. vika 5. - 11. febrúar	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
6. vika 12. - 18. febrúar	Smásögur Bókmenntahugtök	Leskannanir úr smásögum, verkefni og bókmenntahugtök
7. vika 19. - 25. febrúar <i>Þemadagur</i>	<i>Handbók um ritun og frágang</i>	Smásögukönnun s.hl. Verkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>
8. vika 26. febrúar - 3. mars <i>Námsmatsdagur</i>	<i>Handbók um ritun og frágang</i>	Verkefni úr <i>Handbók um ritun og frágang</i>
9. vika 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	Stoðdagur Um Halldór Laxness	Könnun úr <i>Handbók um ritun og frágang</i> Vefverkefni um Halldór Laxness
10. vika 11. - 17. mars	<i>Barn náttúrunnar</i>	Byrja að lesa <i>Barn náttúrunnar</i> Verkefni úr <i>Barni náttúrunnar</i>
11. vika 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – páskafrí hefst</i>	<i>Barn náttúrunnar</i>	Verkefni úr <i>Barni náttúrunnar</i>
12. vika 2. - 7. apríl	<i>Barn náttúrunnar</i>	Verkefni úr <i>Barni náttúrunnar</i>
13. vika 8. - 14. apríl	<i>Barn náttúrunnar</i>	Verkefni úr <i>Barni náttúrunnar</i>
14. vika 15. - 21. apríl	<i>Barn náttúrunnar</i>	Verkefni úr <i>Barni náttúrunnar</i>
15. vika 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	<i>Barn náttúrunnar</i>	Könnun úr <i>Barni náttúrunnar</i> og skil á vinnubók
16. vika 29. apríl - 5. maí	<i>Barn náttúrunnar</i>	Lokaverkefni um <i>Barn náttúrunnar</i>
17. vika 6. - 10. maí	Stoðdagur	Skil á verkefni um <i>Barn náttúrunnar</i>

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Hulda